

Fjórðungssamband Vestfirðinga



Mál nr. 594. Um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum o.s.frv. Erntif o.fl.

Umsögn:

Svo virðist í kaflanum um erni að verið sé sérstaklega að bregðast við tilteknum dómi hæstaréttar. Ekki er gerð athugasemd við það, en varast ber þó að fara offari með þeim viðbrögðum.

Í VII kafla og 18. gr 2. málsgrein leggjum við til að komi eftirfarandi viðbót á eftir orðunum myndatöku og rannsókna, “;og vegagerðar”.

Stjórn FSV leggst alfarið gegn því ákvæði í 19. gr. að ekki megi koma nær arnarhreiðrum en 500 m. á tímabilinu 15. mars til 15. ágúst.

Ákvæði þetta virðist eiga að gilda um öll hreiðurstæði arna sem einhverntíma hefur verið orpið í þó enginn fugl hafi orpið þar síðustu árin. Til frekari rökstuðnings bendum við á að á Vestfirðum sérstaklega við Breiðafjörð eru ýmis búsvæði arna, sem sum hafa ekki verið notuð árum saman. Á þessum slóðum er mjög mikið eftir í vegalagningu og m.a. hefur verið í skoðun hjá Vegagerðinni og Skipulagsstofnun ýmsar nýjar leiðir um Gufudalssveit og Múlasveit. Sumar þær leiðir koma nálægt gömlum arnarstæðum, t.d. þverun fjarða. Með því að setja það skilyrði sem nefnt er að ekki megi koma nær gömlum hreiðurstæðum en 500 m er í raun verið að segja að ekki megi leggja þarna vegi. Þá fer að verða lítið landrými fyrir nýja vegarlagningu, sem íbúar Barðastrandarsýslu hafa lengi beðið eftir, og vænst er að auki ferðamannastraum til Vestfjarða.

Við beinum þeim eindregnu tilmælum til Umhverfisnefndar Alþingis að hún taki þessar ábendingar okkar til greina við afgreiðslu frumvarpsins.

X **Mál nr. 452.** Tillaga til þingsályktunar um vetnisráð. Stjórn FSV tekur ekki afstöðu til tillögunnar.

Mál nr. 125. Tillaga til þingsályktunar um erlendar starfsmannaleigur. Stjórn FSV tekur ekki afstöðu til tillögunnar.

Vinsamlegast komið þessum ályktunum til viðkomandi nefnda Alþingis.

Virðingarfyllst.

Ísafirði 29.mars 2004.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Jóna Vala Þruðgarðsdóttir